



Drög að ályktun um kjaramál og ábyrgð á efnahagslegum forsendum kjarasamninga

Tíunda þing Starfsgreinasambands Íslands minnir á að í kjarasamningum ársins 2024 lagði verkalyðshreyfingin sitt af mörkum til að skapa forsendur fyrir efnahagslegum stöðugleika með því að gera fjögurra ára samning þar sem launahækkanir voru hófstiltar og áhersla lögð á lægstu launin með krónutöluhækkunum. Þessi vegferð var farin til að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxtastigs – tveggja þátta sem hafa bitnað hvað harðast á tekjufólki um land allt.

Samningurinn byggði á þeirri sameiginlegu ábyrgð allra aðila samfélagsins að ríkisvaldið og sveitarfélög héldu aftur af gjaldskrárhækkunum og að atvinnulífið, sérstaklega verslun og þjónusta, myndi axla sína ábyrgð með því að forðast verðhækkun sem ekki byggðist á raunverulegum kostnaðarauka.

Þrátt fyrir þetta hefur sú samstaða ekki raungerst að fullu. Verðbólga og vextir eru enn langt yfir því sem ásættanlegt getur talist, jafnvel þótt þeir hafi lækkað frá undirritun samningsins. Tekjufólk, sérstaklega á lægstu launum, heldur áfram að búa við mikinn þrýsting vegna hækkandi vaxta og verðlags.

Þing SGS lýsir sérstakri undrun yfir því að styrking krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum, þar á meðal Bandaríkjadal og evru, hefur ekki skilað sér í lægra vöruverði á innfluttum vörum. Þetta vekur spurningar um verðmyndun á íslenskum markaði og hvort fyrirtæki í verslun og þjónustu hafi í raun staðið við þau loforð sem gefin voru í tengslum við kjarasamningana.

Þing SGS skorar á verslun og þjónustu að axla ábyrgð sína strax, endurskoða verðlag og skila ávinningi styrkingar krónunnar til neytenda. Jafnframt hvetur þingið ríkisvaldið og sveitarfélög til að standa við gerða samninga með því að halda aftur af gjaldskrárhækkunum og grípa til aðgerða sem raunverulega draga úr verðbólgu og vaxtabyrði heimilanna.

Kjarasamningurinn 2024 var gerður í góðri trú um sameiginlega ábyrgð. Ef sú ábyrgð er ekki virt af öllum aðilum, er verið að svíkja grundvöll samninganna og leggja ósanngjarnar byrðar á herðar launafólks. Þing SGS gerir það ljóst að slíkt verður aldrei látið átölulaust.